



# Fréttabréf Skeiða- & Gnúpverjahrepps

1. tbl. 17. árg. Nóvember 2019

Tilboð frá amenic ehf. vegna útgáfu fréttabréfs. Við miðum við 300 útgefin blöð. Amenic ehf sér um hönnun, prentun, útbrot og að koma blaðinu í dreifingu. Sveitarfélag stendur síðan undir dreyfingunni sjálfri.

Stærð: 17cm x 24cm

Blaðið mun bera svans umhverfismerkið  
8 Bls. án vsk. - 82.700 kr.

Við leggjum til 4 mánaða prufutíma,  
janúar - apríl.

Blaðið verður örlítið minna en hjá RS Útgáfu, 17x24cm stærðin er góð að því leiti að lítill pappír fer til spillis og er þetta ar af leiðandi umhverfisvæn stærð á blaði. Einni hafa borist einhverjar kvartanir vegna stærðar blaðsins, annars munum við halda í svipað útlit með örlitlum betrubætingum. Við munum notast við umhverfisvænar vörur frá prentsmiðju og eins og áður hefur verið nefnt þá mun blaðið bera svansmerkið.

Seldar auglýsingar munu renna til Amenic ehf. en verðlagning mun líklega verða óbreytt.

Hér fyrir neðan má síðan sjá dæmi um hvernig fyrsta draft hjá okkur lítur út, við höfðum ekki mikinn tíma til að gera þetta en náðum að leggja einhvern grunn að hvernig fundargerðir gætu verið settar upp í heild sinni (munum samt framkvæma útlitsbreytingar), og fylltum svo upp í með frétt g auglýsingum. Þetta er eingöngu til þess að gefa ykkur einhverja mynd á hvernig þetta gæti gróflega litið út.

## Fundargerðir:

Við leggjum til með að birta aftur fundargerðir í heild sinni (- mál til kynningar) þar sem margir vilja lesa hana án þess að fletta henni upp í tölvu.

## Fréttir:

Við munum birta helstu fréttir sem birtast á vefsíðunni enda þónokkrir sem vilja fá fleiri fréttir í blaðið og einnig margir sem missa af fréttum á [skeidgnup.is](http://skeidgnup.is)

## Annað:

Opnunartímar og upplýsingar um sundlaugar, gámasvæða og skristofu munu verða sýnilegir á baksíðu þar sem langt fljótlegast og einfaldast er að finna þær upplýsingar. Við teljum þetta auka “notagildi” blaðsins.

Við höfum síðan tæpan mánuð núna í viðbót til að hanna blaðið betur og koma með nýjar hugmyndir til þess að gera blaðið skemmtilegt, fróðlegt og áhugavert. En blaðið er ekki bundið við þær hugmyndir sem hafa verið nefndar hér fyrir ofan heldur munum við leita til íbúa og fleiri aðila til þess að gera vel í okkar verki.

# 32. Fundur Sveitarstjórnar

Miðvikudaginn 20. nóvember 2019

Mál til afgreiðslu og umfjöllunar:

1. Rauðikambur samkomulag. Lagt fram undirritað samkomulag milli sveitarfélagsins og Rauðakambs ehf um lóðarleigu við Reykholt í Þjórsárdal til uppbyggingar ferðaþjónustu. Landið er þjóðlendur og er það því einnig undirritað af fulltrúa forsætisráðuneytis. Samningur staðfestur með fjórum atkvæðum. Anna Sigríður Valdimarsdóttir sat hjá og lagði fram eftirfarandi bókun: Eins og ég hef áður lýst, tel ég að með því að heimila uppbyggingu einkaaðila á þjóðlendu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sé sveitarfélagið að setja fordæmi sem erfitt geti verið að standa undir, komi til þess að fleiri sæktu eftir að njóta viðlíka forréttinda. Þess fyrir utan þykja mér þessi áform ógæfuspor með tilliti til náttúru og menningarminja sem fyrirfinnast á svæðinu. En það eru önnur sjónarmið en þau að varðveita náttúru og menningu sem ráða för hér. Eftir sem áður, tel ég hins vegar óeðlilegt að greiða atkvæði í þessu máli vegna nokkurra afskipta af framtíðaráformum svæðisins áður en ég settist í sveitarstjórn.

2. Gjaldskrá Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2020. Lögð fram drög að gjaldskrá sveitarfélagsins.

3. Fasteignagjöld álagningarprósentur 2020. Lögð fram tillaga að álagningarprósentu Fasteignagjalda í sveitarfélaginu 2020.

A-flokkur.

Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr.4/1995 verður 0,40% af heildar fasteignamati.

B-flokkur.

Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,32 % af heildarfasteignamati.

C-flokkur.

Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eins og þær eru skilgreindar í 3.gr. Í lögum nr. 4/1995 verður 1,65% af heildarfasteignamati.

Gjald dagar fasteignagjalda 2020 verði 10. í samræmi við það sem lög og reglur heimila. Álagningarhlutfall fasteignagjalda samþykkt samhljóða.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir samþykktum sveitarstjórnar frá 7. febrúar 2006. Samkvæmt 3.grein þeirrar samþykktar geta þeir sem eru eldri en 67 ára og þeir sem eru 75 % öryrkjar eða meira sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirrar íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af öðrum, tekjuviðmið er í lið 7.

Lagt er til að afsláttur á fasteignagjöldum taki breytingum frá árinu 2019 í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverð á tímabilinu 1.des 2018 til 1.des 2019. Tillaga um afslátt af fasteignagjöldum samþykkt samhljóða.

4. Útsvar 2020. Lögð fram tillaga um að útsvarsprósenta fyrir árið 2020 verði 14,48%. Samþykkt samhljóða.

5. Fjárhagsstaða – sjóðsstreymi. Sveitarstjóri lagði fram áætlun um sjóðsstreymi frá 20.11.2019- 01.02.2020. Auk þess lagði sveitarst-

jóri fram beiðni um heimild til hækkunar yfirdráttar í 50.000.000 kr frá 20.11.2019 til 02.01.2020. vegna mikilla útgjalda. Samþykkt samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun önnur umræða. Sveitarstjóri lagði fram drög að fjárhagsáætlun 2020-2023 og greindi frá framvindu við vinnslu áætlunarinnar. Talsverðar umræður urðu áætlunina. Vinnufundur var haldinn í sveitarstjórn 19. nóvember sl. Samþykkt að lokaumræða fjárhagsáætlunarinnar fari fram 4. desember næstkomandi.

7. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs fyrir fyrir Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Máli frestað.

8. Samþykktir fyrir Almannavarnarnefnd Árnassýslu 2019. Lagðar fram samþykktir fyrir Almannavarnarnefnd Árnassýslu. Öll sveitarfélög í sýslunni standa að nefndinni. Sveitarstjórn samþykkir drögin samhljóða fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita drögin fyrir hönd sveitarfélagsins.

9. Landgræðslan - Bændur græða landið. Lögð fram beiðni um 24.000 kr styrk til verkefnisins „Bændur græða landið“ undirrituð af Garðari Þorfinnssyni fulltrúa hjá landgræðslunni. Samþykkt með fjórum atkvæðum að veita umbeðinn styrk til verkefnisins. Styrkveiting rúmast innan fjárhagsáætlunar. Anna Sigríður Valdimarsdóttir sat hjá af þeirri ástæðu að hún er starfsmaður Landgræðslunnar.

10. Heilsueflandi samfélag. Í undirbúningi er að sveitarfélög í uppsveitum Árnassýslu sameinist um ráðningu verkefnisstjóra að verkefninu „Heilsueflandi samfélag“. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í undirbúningi að þátttöku verkefnisins. Sveitarstjóra falið að afla nánari upplýsinga um verkefnið. Þar með talið að afla upplýsinga um kostnað sveitarfélagsins við verkefnið. Í framhaldi verði gert grein fyrir kostnaði í fjárhagsáætlun næstu ára.

11. Áshildarmýri - erindi um skipulagsmál. Lagt fram erindi frá Áshildarmýri ehf. Undirritað af Hlyni Árnasyni. Þar er óskað eftir skipulagsbreytingu á lóðum við Áshildarmýri nr. 2,4,6,8,10,12,14,18,20,22,24 og 26 á þann veg að þær færast úr frístundabyggð í íbúðasvæði. Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til skipulagsfulltrúa.

12. Skipulagsnefnd 186. fundur 14.11.19. Mál nr. 18 og 19. Þarfnast afgreiðslu.

Mál nr. 18. Hraunvellir L203194; Aukið byggingamagn og frístundasvæði fellt út; Deiliskipulagsbreyting 1911012.

Umsókn Trix ehf að deiliskipulagsbreytingu að Hraunvöllum sem fellst í að svæði fyrir frístundabyggð er fellt niður í samræmi við aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Svæði til landbúnaðarnota stækkar í 28,3 hektara. Auk þess gerð breyting á ákvæði um skipulagsskilmála um húsagerðir og húsastærðir. Ákvæði um frístundabyggð gilda ekki eftir breytingu. Byggingarmagn á reit bæjatorunnar er aukið úr 1300 fermetrum í 1520 fermetra.

Sveitarstjórn samþykkir óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi skv. 2 mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, jafnframt er skipulagsfulltrúa falið að senda ofangreinda tillögu til Skipulagss-

# Allar fundargerðir og fylgiskjöl má finna á [skeidgnup.is](http://skeidgnup.is)

tofnunar. Sveitarstjórn telur ekki tilefni til grenndarkynningar

Mál nr. 19. Ásólfstaðir 2. lóð 1 L218810; Deiliskipulagsbreyting-1909032.

Fyrir hönd Skallakots ehf er óskað eftir deiliskipulagsbreytingu sem felur í sér að gildandi deiliskipulagi fyrir Ásólfstaði 2 verði breytt á þann hátt að skipulögð lóð nr. 1 er færð innan skipulagssvæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir umrædda breytingu á deiliskipulagi sem óverulega skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. nr. 123/2010. Jafnframt er skipulagsfulltrúa falið að senda tillöguna til Skipulagsstofnunar. Sveitarstjórn telur ekki þörf á grenndarkynningu í ljósi þess að fyrir liggur samþykki stjórnar Skallakots ehf og hefur tillagan verið kynnt hlutaðeigandi aðilum á svæðinu.

13. UTU. Ársfundur. Samþykktir og fjárhagsáætlun byggðasamlagsins.

Ársfundur UTU haldinn 30. október 2019, afgreiða þarf sérstaklega samþykktir UTU og fjárhagsáætlun samlagsins.

Fundargerðin var lögð fram.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins fyrir sitt leyti. Sveitarstjórn samþykkir einnig samhljóða fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir sitt leyti.

14. Fundargerð UTU 69. fundur. Fundargerð lögð fram og kynnt

15. Fundargerð stjórnar UTU nr. 70. Fundargerð lögð fram og kynnt

16. Skóla- og velferðarnefnd fundargerðir 34. og 35. Fundargerðir lagðar fram. Í fundargerð 34. er lögð fram fjárhagsáætlun fyrir skóla- og velferðarþjónustu árið 2020 ásamt starfsáætlun. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir sitt leyti.

17. Samningur við Loftmyndir. Samningur staðfestur

Fundi slitið kl. 10:35. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 4. desember. kl. 08.30. í Árnesi.



## Viljayfilysing um húsnaðisuppbyggingu

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, og Kristófer Tómasson, sveitarstjóri skrifuðu þann 18. nóvember sl. undir viljayfilyringu um aðkomu stjórnvalda að húsnaðisuppbyggingu í Árnes- og Brautarholtshverfum. Með því verður unnið að fjölgun leiguíbúða í sveitarfélaginu en leiguhúsnaði skortir mjög í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Fyrsti þáttur verkefnisins felur í sér aðkomu Íbúðalánasjóðs að fjármögnun byggingar á allta að fimm íbúðum í þéttbýliskjörnunum. Mjög þarft er að nýtt húsnaði rísi í sveitarfélaginu, ekki síst í ljósi íbúaföl-

gunar sem væntingar standa til að verði í sveitarfélaginu á næstu misserum í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu Hálendisbaðanna í Þjórsárdal. Íbúðalánasjóður mun koma að útfærslu verkefnisins og hefur sjóðurinn ákveðið að leggja sveitarfélaginu til eins milljóna króna styrk til þróunar þess. Styrkurinn er veittur sem hluti af sérstöku tilraunaverkefni sjóðsins, sem snýr að því að örva húsnaðisuppbyggingu utan suðvesturhorns landsins og bregðast við erfiðu ástandi á húsnaðismarkaði, ekki hvað síst á landsbyggðinni.



SELÁSBYGGINGAR ehf  
Sími: 894-4142